

Framfarir byggjast á upplýstri hugsun

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Í baráttu við kórónaveiruna hefur þeim þjóðum vegnað best sem hafa byggt aðgerðir sínar á ráðum færustu vísindamanna,“ segir Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands. „Í því sem öðru hafa háskólarannsóknir skipt sköpum og nú má vænta að bóluefni verði komið eftir aðeins nokkra mánuði. Slíkt er ótvíræður vitnisburður um hvers skipulegt vísindastarf er megnugt. Þó verða samt alltaf til öfl sem sjá sér hag í því að vinna gegn skynsemi og slæva dómgreind fólks vegna hagsmuna sem geta verið pólitískir, fjárhagslegir eða aðrir. Vísindin munu aldrei sigra endanlega, þó sagan segi að allar helstu framfarir mannkyns byggist á upplýstri hugsun.“

Mikil fjölgun nemenda

Starf Háskóla Íslands um þessar mundir er með talsvert öðrum brag en venjan er. Nánast allir fyrirlestrar við skólann eru nú yfir netið og hefur svo verið að miklu leyti frá því 16. mars sl. Þegar þar var komið sögu hafði undirbúningur rafrænnar kennslu við skólann staðið yfir um nokkurt skeið og tæknin sem þurfti var tiltæk. Þegar á reyndi var starfsfólk tilbúið í slaginn, þó undirbúningstími væri skammur. Því varð að gera ákveðnar tilslak-



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Rektor Árangur í baráttu við kórónuveiruna er ótvíræður vitnisburður um hvers skipulegt vísindastarf er megnugt, segir Jón Atli Benediktsson.

anir í kennslunni um stundarsakir, þó ekkert hafi verið gefið eftir varðandi meginmarkmið.

Alls eru í dag 14.992 nemendur við Háskóla Íslands, sem er fjölgun frá sama tíma í fyrra tæp 15%. Miðað við fjölgun umsókna fyrir vormisserið lítur út fyrir að um 16.000 nemendur muni verða við skólann eftir áramót. Veruleg fjölgun hefur t.d. orðið í mennta-vísindum- og heilbrigðisvísindum, svo sem í kennaranámi og hjúkrunarfræðinámi, það er fögum þar sem vantað hefur fólk með sér-

menntun. Átak til að fjölga nemendum þykir hafa skilað sér.

Halda akademískum kröfum

„Okkar leiðarljós er að halda uppi akademískum kröfum, ekki síst með langtímahagsmuni nemenda í huga. Fjölmargar kannanir meðal nemenda og kennara hafa gefið vísbendingar um að aðlögun að þessum nýju aðstæðum hafi að mörgu leyti gengið vel. Hinu er þó ekki að leyna að þegar kennsla á staðnum er í lágmarki reynir slíkt á og það verður gleðidagur þegar

Hver er hann?

- Jón Atli Benediktsson er fæddur árið 1960 og er prófessor í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknasvið Jóns Atla eru fjarkönnun, mynd- og myndsturgreining, vélrænt nám, gagnabræðsla og fleira. Hann er meðal áhrifamestu vísindamanna heims á sínu sviði.
- Við HÍ hefur Jón Atli starfað frá 1991; sem lektor frá 1994 og prófessor frá 1996. Var þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors 2006-2009, þá aðstoðar- rektor vísinda og kennslu til 2015 en tók þá við embætti rektors. Er jafnframt nýkjörinn forseti Aurora-nets evrópskra háskóla.

hana má auka aftur. Þá er HÍ mjög stór vinnustaður og með því að halda upp eðlilegri starfsemi eins og kostur er höfum við getað stuðlað að stöðugleika í öllu samfélaginu. Það tryggir einnig að við verðum fljót að ná okkur á strik þegar landið tekur að rísa.“

Árangur í starfi Háskóla Íslands á undanförunum árum er góður, að mati Jóns Atla, sé horft til þess að skólinn er yfirleitt á lista yfir þá 300 bestu í heiminum. Er þar horft til rannsókna, kennslu og áhrifa í alþjóðlegu vísinda-

starfi. „Auðvitað erum við fremst í öllum rannsóknum sem gerðar eru á íslenskum aðstæðum og veruleika,“ segir Jón Atli og brosir. „Þá stöndum við líka sterkt í lífvísindum, verkfræði og raunvísindum og hjúkrunarfræði svo ég nefni dæmi. Allt byggist þetta á áherslum sem hér voru lagðar fyrir um 15 árum um eflingu doktorsnáms. Hér fjölgar í framhaldsnámi og fræðin þróast í stöðugri framvindu.“

Hlúi að vaxtarsprotu

Að undanförunum hefur Jón Atli átt fundi meðal annars með stjórnmalamönnum þar sem farið hefur verið yfir stöðu og stefnu HÍ. „Stjórnmalamenn bera mikið traust til Háskóla Íslands og gera sér skýra grein fyrir mikilvægi þekkingarsköpunar, traustrar menntunar og nýsköpunar fyrir framtíð Íslands. Harðna mun á dalnum í ríkisfjármálum á næstu árum, en ég er hjartarsýnn á að stjórnmalamenn hlúi að mikilvægasta vaxtarsprotu; þekkingu og hagnýting hennar,“ segir háskóla- rektor og að síðustu.

„Alltaf þegar stór áföll verða í samfélaginu og atvinnuleysi eykst, fjölgar í háskólanámi. Það gerðist eftir hrun og sama er nú. Á næsta ári fær HÍ samkvæmt fjárlagafrumvarpi um 24 milljarða króna og við gerum okkur vonir um að tekið verði tillit til mikillar fjölgunar nemenda í fjárframlögum.“